

GJALDSKRÁ

vegna kattahalds í Blönduósbæ.

1. gr.

Af köttum í Blönduósbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta gjald að upphæð kr. 2.500 ásamt árlegu leyfisgjaldi katta að upphæð kr. 1.900. Leyfisgjaldið er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á kattahaldi innan ársins.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending kattar, kr. 8.400

Önnur afhending kattar, kr. 15.120

Þriðja afhending kattar, kr. 23.100

Við afhendingu kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir, kr. 18.165

Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

4. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Blönduósbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár nr. 183/2001, 191/2006, 221/2007 og 493/2011.

Samþykkt í bæjarstjórn 21. desember 2011 og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 31. janúar 2012.

Blönduósi, 21. febrúar 2012.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2012